

Tillaga Sjálfstæðisflokkins að skólaskipan á nýbyggingarsvæðum til næstu ára og aukinni samvinnu milli grunnskóla í Hafnarfirði .

Meginmarkmið: Að uppfylla þörf fyrir aukið leik- og grunnskólahúsnæði ásamt því að auka samvinnu og jafnræði milli grunnskóla án þess að auka skuldsetningu sveitarfélagsins umfram þau viðmiðunarmörk sem sett hafa verið samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Til að mæta þörfum vaxandi byggðar á Völlum, Skarðshlíð og Hvaleyrarholti, sem og þrengslum í Áslandsskóla er lagt til að skólaskipan á svæðinu verði með neðangreindum hætti næstu 4 ár:

- 1 Byggður verði 5 deilda leikskóli að Bjarkavöllum 3, á þeim grunni sem þar er fyrir. Verkinu verði áfangaskipt í samræmi við þarfagreiningu og verði innan þeirra marka sem sveitarfélagið hefur til nýfjárfestinga án þess að skuldsetning aukist. Fyrsti áfangi leikskólans verði tekinn í notkun haustið 2015.
- 2 Undirbúin verði frekari samvinna milli efsta stigs grunnskóla á nýbyggingarsvæðum, hvort sem er sín á milli og við eldri skóla bæjarins. Markmið með aukinni samvinnu verði: Að auka val nemenda, jafnræði milli skóla og nýta skólahúsnæði betur.

Greinargerð:

Framkomnar tillögur eru sá umræðugrundvöllur sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja leggja fram og telja að séu raunhæfar í framkvæmd og geti skapað grunn að framsæknum lausnum sem í senn gefa svigrúm til nýbreytni í skólastarfi en halda fjárfestingum í skólahúsnæði í lágmarki. Þannig gefst til framtíðar aukið fjárhagslegt svigrúm til að sinna betur innra starfi skólanna sem ávallt skal vera í forgrunni.

Á Bjarkavöllum er nú til staðar grunnur að leikskóla. Þetta er það svæði í bænum þar sem er mest fjölgun íbúa er fyrirhuguð á næstu árum og því eðlilegt að næsta uppbygging eigi sér stað á því svæði.

Miðað verði við að framkvæmdahraði fylgi þörf fyrir aukin leikskólarými en verkinu verði áfangaskipt og fjármögnun verði innan marka aðlögunaráætlunar um fjárfestingar.

Sem lausn við þrengslum í nýbyggingarhverfum er lagt til að skólastjórnendur í samráði við fræðsluráð auki samstarf á efsta stigi grunnskólans á milli skóla til að nýta betur húsnæði og aðbúnað. Í þessu fælust einnig möguleikar á auknu framboði á valfögum og meira jafnræðis væri gætt. Myndaður verði fjárhagspottur í þessu skyni og úthlutað úr honum til skóla sem taka upp samstarf sín á milli. Markmiðið er að auka valmöguleika á efsta stigi grunnskóla og samnýta húsnæði og aðbúnað sem er til staðar, en einnig kæmi til greina að að taka í notkun tímabundið annað laust húsnæði í eigu bæjarins sem myndi henta til skólastarfsemi. Mikilvægt er að uppbygging í skólakerfinu taki mið af fyrirliggjandi þarfagreiningu og spá um nemendapróun og sé í samræmi við svigrúm sveitarfélagsins til fjárfestinga. Ennfremur að fagfólk og foreldrar fái aðkomu að tillögum á frumstigi til að samvinna sé best tryggð.

Helga Ingólfssdóttir
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir

